

Skoðaðu flæðiritið og teiknaðu myndir í auðu reitina sem sýna þessi þrjú mikilvæg skref.

Tryggja fyrst eigið öryggi, síðan öryggi sjúklings

Sýnir viðkomandi einhver viðbrögð við áreiti?

Nei


Kalla eftir hjálp

Er öndun eðlileg?

- > Opna öndunarveginn; halla höfðinu aftur og lyfta hökunni
- > Horfa, hlusta og finna hvort öndun er eðlileg

Já

Nei



Ef öndun er eðlileg, á að setja viðkomandi í **hliðarlegu** og halda öndunarveginn opnum með því að halla höfðinu aftur og lyfta hökunni.

Hringja eftir aðstoð í 112

- > Hnoða 30 sinnum, þrýsta brjóstkassanum niður um 5 sentímetra á taktinum 100 hnoð á mínútu.
- > Opna öndunarveginn. Klemma nasirnar saman. Setja munninn alveg yfir munn viðkomandi og blása í um eina sekúndu. Blása 2 sinnum.
- > Halda áfram að hnoða 30 sinnum og blása 2 sinnum til skiptis þar til sérhæfð aðstoð berst.
- > Ef ekki er hægt að blása má beita hnoði eingöngu.



Hnoða 30 sinnum



Blása 2 sinnum